



„Að undanskildum sjö málverkum eru öll verkin á sýningunni í einkaeign,” segir Sverrir. „Það var ákaflega erfitt að hafa uppi á eigendunum, og þrátt fyrir að ég auglýsti tvisvar í sumar eftir myndum mínum, fékk ég ekki nema fjögur svör. Það var einna erfiðast að hafa uppi á fyrstu myndunum, Ég átti svo erfitt með að muna, hverja ég hafði látið hafa þær.”

En þær urðu þó ekki færri en sextíu, myndirnar, sem Sverrir varð að endursenda eigendum, þegar hann hafði sett upp sýninguna. Veggplássid hrökk ekki til í þessu stóra húsi. Auk þess hafði Sverrir komið sér upp lista yfir um fjörutíu myndir í viðbót, sem hann gat fengið lánaðar til sýningarinnar.

Knútur Bruun, sem hefur aðstoðað listamanninn dyggilega við undirbúning sýningarinnar, svaraði þeirri spurningu Vísis, hversu há tryggingarupphæðin fyrir sýninguna væri:

„Það yrði aldrei hægt að meta þessar myndir fyllilega til fjár. Og þó svo væri yrði okkur með öllu ómögulegt að greiða það iðgjald, sem til þyrfti. Tryggingarupphæðin er 14 milljónir, og miðast þá aðeins við það, að hægt yrði að bæta minniháttar tjón.”

Elztu myndirnar á sýningunni eru frá því 1942, en þá var Sverrir 12 ára gamall. Það er röð mynda frá Vestmannaeyjum, sem aldrei hafa sézt á sýningu áður.


„Þetta er greinilega seglastrigi, sem ég hef þétt með einhverju ókennilegu,” segir listamaðurinn og virðir vandlega fyrir sér þessar 30 ára myndir. „Mér sýnist þetta nú ekki vera fullkomin málning, en það er gott að sjá, að hún hefur ekkert breytt sér eða sprungið. Og rammarnir. Ekki eru þeir beinlínis meistarastykki. Ég smíðaði þá sjálfur, því þá voru ekki innrömmunarverkstæði á hverju götuhorni.”

Og Sverrir fer með blaðamanni og ljósmyndara Vísis um Kjarvalsstólinn, þar sem elztu myndirnar hans hanga uppi. Þar er engin myndanna til sölu. Myndirnar eru hengdar upp í nokkurri tímaröð og fylla báða salina. Þarna eru myndir frá því Sverrir var við nám í Handíða- og myndlistarskólanum, allmargar myndir frá sýningu hans 1952, málverk frá Parísarárum hans, þegar hann málaði geometrískar myndir, málverk frá því hann málaði með sprautu, og síðan fyrstu málverk Sverris frá þeim tíma, þegar hann sleppir sprautunni og fer að mála figuratívar landslagsmyndir.


Í stærri sýningarsalnum að Kjarvalsstöðum eru myndir Sverris frá því á árunum 1966 og fram til dagsins í dag. Þar eru verk frá sýningunum í Casa Nova 1966 og 1969. Málverkin, sem hann hefur málað síðan, hafa hvergi sézt áður á sýningu.

Sýning Sverris verður opin fram til 28. október.

—PJM



Hér stendur listamaðurinn við eina af elztu myndunum á sýningunni. Hún er frá Vestmannaeyjum og er máluð árið 1942, þegar Sverrir var aðeins 12 ára gamall.



Þær eru fáar af þessu taginu, myndirnar, sem Sverrir sýnir að Kjarvalsstöðum. Þetta er olíumálverk frá árinu 1954, og er það 60x60 að stærð. „Þessi mynd er einkennandi fyrir þetta tímabil á ferli mínum,” útskýrir Sverrir. „Hún hefur farið nokkuð víða. M.a. var hún send á sýningu í Róm.”